

# GJALDSKRÁ

## Akranesveitu.

### Vegna rafmagnssölu.

#### A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

#### Ákvæði og skýringar.

- A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.
- B1. Til notkunar á heimilum.
- B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 30% ástimplaðri flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 380 V.
- C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW, ársafli. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafli reiknast hæsta meðalafli í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

#### Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

- D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:
  - a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);
  - b. að vélaafli, spennar og rafstrengir þoli álagið;
  - c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;
  - d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;
  - e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;
  - f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1.
  - g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.
- D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

#### Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Veitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um

- stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
2. Gjald samkvæmt taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu veitustjórnar.  
Á hesthúsa- og hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slik sala er háð samþykki veitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
  3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið E3.
  4. Þurfi að senda út lokunartilkynningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkvæmt lið E4.
  5. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
  6. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

### Mæla- og rofaleiga.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

### Heimtaugar.

- a. Veitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalinn 15 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsníðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
- f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í

Óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**B-hluti**

	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1. Almenn notkun	2.215	6,11
B1. Heimilisnotkun	2.215	5,61
B2. Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.302	6,79
C1. Stórnotkun (Afltaxti)	25.223	2,43
Aflgjald kr/kW/ár	7.026	
D1. Hitun án rofs	3.822	5,50
D2. Hitun, rof 1,5 klst.	3.822	2,97
D3. Hitun, rof 2,5 klst.	3.822	2,68
D4. Næturhitun	3.822	1,93
D5. Sumarhitun	3.822	2,07
D6. Rof breytilegt	3.822	2,44
E1. Sérsamningar		
E2. Gatna- og hafnarlýsing	24.435 kr/kVA/ár	
E3. Lokun og endurofnun veitu	1.057 kr.	
E4. Innheimtugjald	508 kr.	
E5. Álestrargjald	508 kr.	

**Leigugjöld.**

10 Einfasa mælir	394 kr/ár
11 Einfasa mælir með liða	2.031 kr/ár
20 Þrífasa mælir	1.535 kr/ár
21 Þrífasa mælir með liða	3.010 kr/ár
24 Þrífasa mælir með str.sp.	3.840 kr/ár
30 Þrífasa aflmælir	2.410 kr/ár
31 Þrífasa aflmælir m/str.sp.	4.674 kr/ár

**Heimtaugar.**

Málstærð	Stofngjald	Gjald yfirlengdar
63 A 1 fasi	31.460 kr.	1.354 kr/m
63 A 3ja fasa	53.650 kr.	1.654 kr/m
100 A 3ja fasa	77.120 kr.	1.990 kr/m
200 A 3ja fasa	136.350 kr.	2.782 kr/m
350 A 3ja fasa	223.500 kr.	3.969 kr/m

**Spennistöðvar.**

Stærð spennis	Stofngjald	Stærð spennis	Stofngjald
300 kVA	259.000 kr.	600 kVA	604.000 kr.
500 kVA	525.000 kr.	800 kVA	805.000 kr.

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Málstærð	Stofngjald	Málstærð	Stofngjald
35A einfasa	8.130 kr.	60 A 3ja fasa	14.330 kr.
35A 3ja fasa	11.680 kr.		

Tengigjald v/skammtímanotkunar	2.540 kr.
Tenging við Akraneshöfn	2.020 kr.

**C-hluti****Fylgirit.****Iðnaðarhiti:**

		<b>Fastagjald</b>	<b>Orkuverð</b>
F1	Án rofs	3.675 kr/ár	5,28 kWh
F2	Rof 1,5 klst. á dag	3.675 kr/ár	2,85 kWh
F3	Rof 2,5 klst. á dag	3.675 kr/ár	2,85 kWh
F4	Rof 14,5 klst. á dag	3.675 kr/ár	

**Mæla- og rofaleiga v/húshitunar:**

01	Einfasa	388 kr/ár
02	Einfasa með liða	1.999 kr/ár
03	Þrífasa	2.963 kr/ár

Sérsamningur v/Borgarprýði.

Orkuverð miðast við næturhitun og hækkar í sama hlutfalli en hefur 13 klst. rof. Fastagjald er skv. alm. notkun og mælaleiga skv. 3ja fasa.

<i>Orkuverð</i>	<i>Fastagjald</i>	<i>Mælaleiga</i>
2,37 kWh	2.180 kr/ár	1.511 kr/ár

**Vegna sölu á heitu vatni.****D-hluti**

## 1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

## 2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði =  $F \times 11,30 \text{ kr/m}^2$  ef F er minna en eða jafnt  $130 \text{ m}^2$ .

Fastagjald á mánuði =  $1.463 \text{ kr.} + (F-130) \times 6,80 \text{ kr/m}^2$ , ef F er stærra en  $130 \text{ m}^2$ .

## 3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 85,00 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 113,70 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð hitaveitunnar.

## 4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að  $6 \text{ m}^3$  /klst.: 260 kr/mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir  $6 \text{ m}^3$  /klst.: 465 kr/mán.

## 5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 3.020.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 775.

## 6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

**Stærð húss:**

allt að 250 m<sup>3</sup>

251-500 m<sup>3</sup>

501-1500 m<sup>3</sup>

1501-6000 m<sup>3</sup>

yfir 6000 m<sup>3</sup>

**Stofngjald:**

kr. 67.980

kr. 67.980 + 162,20 kr/ m<sup>3</sup> yfir 250 m<sup>3</sup>

kr. 108.530 + 95,00 kr/ m<sup>3</sup> yfir 500 m<sup>3</sup>

kr. 203.530 + 61,00 kr/ m<sup>3</sup> yfir 1500 m<sup>3</sup>

kr. 478.030 + 48,00 kr/ m<sup>3</sup> yfir 6000 m<sup>3</sup>

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 51.230. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.100 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

## 7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar í desembermánuði 1995, 205,1 stig.

**Ýmis ákvæði.**

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis fyrir Rafveitu Akraness nr. 38 28. janúar 1993 og nr. 37 17. janúar 1994.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.*

F. h. r.

**Þorkell Helgason.**

*Steinunn Bjarman.*